



231. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 16. apríl 2015 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Sigríður Jónsdóttir ritari, Örn Andrésson, Hafsteinn Pálsson, Jón Gestur Viggósson, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Friðrik Einarsson Guðmundur Ágúst Ingvarsson 1. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 2. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Ársreikningur - skoðunarmenn ÍSí

Tryggvi E. Geirsson endurskoðandi fór yfir skýrslu skoðunarmanna ÍSí um gerð ársreiknings ÍSí. Niðurstaða skoðunarmanna er að rekstur og bókhald sambandsins séu í mjög góðum málum og aðhald og eftirlit varðandi kostnað gott.

Forseti þakkaði Tryggva fyrir góð störf skoðunarmanna og gott eftirlit með rekstri ÍSí. Sagði hann afar mikilvægt fyrir framkvæmdastjórn ÍSí að vel sé fylgst með rekstri ÍSí og verkferlum er lúta að því að uppfylla allar kröfur um rétt bókhald.

2. 72. Íþróttaping ÍSí

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirkomulag þings og innra skipulag.

Mennta- og menningarmálaráðherra mun mæta á setningu þings en forseti Íslands hefur boðað forföll.

Lögð fram ársskýrsla ÍSí 2015 og tölfraeðirit og farið yfir tillögur til þings.

3. Skráningarkerfi íþróttahreyfingarinnar

Örn Andrésson skýrði frá fundi sem haldinn var til að fara yfir kerfið og skýra út ýmsa þætti kerfisins.

Samþykkt að halda áfram með málið í þeim farvegi sem það nú er.

4. Ólympísk málefni

Friðrik Einarsson fór yfir þau ólympísku verkefni sem framundan eru.

Evrópuleikarnir

Lagt fram erindi frá Afreks- og Ólympíusviði ÍSí um staðfestingu á þeim keppendum sem nú þegar hafa unnið sér inn rétt til keppni á leiknum. Um er að ræða breytingu á því vinnulagi sem áður hefur verið um keppendur á leikum.

Samþykkt að breyta vinnuferli um þessi mál þannig að nú verði íþróttamenn staðfestir inn á viðkomandi leika um leið og þeir hafa unnið sér inn rétt á leikana. Það er gert til að auðvelda undirbúning viðkomandi íþróttamanna.

Staðfest að eftirfarandi keppendur keppi fyrir hönd Íslands á leikunum:

Skotíþróttasamband Íslands, **Ásgeir Sigurgeirsson**, keppni í loftskammbyssu og frjálsri skammbyssu.

Badmintonsamband Íslands, **Kári Gunnarsson**, keppni í einliðaleik karla.

Badmintonsamband Íslands, **Sara Högnadóttir**, keppni í einliðaleik kvenna.

Júdosamband Íslands, **Sveinbjörn Jun Iura**, keppni í -81 kg. flokki karla.

Júdosamband Íslands, **Pormóður Árni Jónsson**, keppni í -100 kg. flokki karla.

Skyldingasamband Íslands, **Þorbjörg Ágústsdóttir**, keppni í höggverði kvenna.

Ísland hefur fengið úthlutun á kvóta fyrir fimm sundmenn á leikunum og í áhaldafimleikum fyrir einn karl og þrjár konur. Mun val á keppendum liggja fyrir á næstu vikum. Þá hefur einnig fengið keppnisréttur fyrir einn keppanda í bogfimi karla og er mjög ánægjulegt að vaxandi grein eins og bogfimi muni eiga keppanda á leikunum.

Ólympíuleikarnir í Ríó 2016

Lagt fram erindi Afreks- og Ólympíusviðs þar sem lagt er til að Andri Stefánsson sviðsstjóri sviðsins verði aðalfararstjóri á Ólympíuleikunum í Ríó 2016. Tillagan samþykkt.

5. Smáþjóðaleikar 2015

Helga Steinunn skýrði stöðu mála varðandi undirbúning Smáþjóðaleika. Fjöldaskráning liggur fyrir frá öllum þjóðum. Frestur á lokaskráningu á nöfnum rennur út 11. maí. Undirbúningur sjálfboðaliða er í fullum gangi. Búið að halda fræðslufundi með um 500 manns og undirtektir hafa verið mjög skemmtilegar og fólk er afar áhugasamt.

Garðar Svansson skýrði frá fundi aðalfararstjóra sem haldinn var 27. mars hér á landi. Fundurinn gekk mjög vel.

Íslenski hópurinn mun klæðast fatnaði frá Jako á leikunum. Þriðja hæðin í Íþróttamiðstöðinni verður „heimili“ liðsins, fagteymi fyrir liðið og verður ýmislegt í boði til afþreyingar. Stefnt er að því að sú miðstöð opni 29. maí.

Flokkstjórafundir hafa gengið vel og góð stemming er í hópnum.

6. Skipan fulltrúa ÍSÍ í Íslenskri getspá

Aðalfundur Íslenskrar getspár verður haldin 20. apríl nk. Samþykkt að skipa Lárus L. Blöndal forseta og Gunnar Bragason sem aðalmenn í stjórn Getspár og Líneyju Rut Halldórsdóttur og Örn Andrússon sem varamenn.

Ofangreindir verða fulltrúar ÍSÍ á fundinum ásamt Hafsteini Pálssyni.

7. Skýrslur frá vinnuhópum og millipinganeftum

Lagt fram minnisblað Snorra Olsen, formanns starfshóps um kosningu til stjórnar þar sem tilkynnt er um starfslok hópsins. Forseti fylgdi minnisblaðinu úr hlaði. Rætt um tillöguna sem kom frá hópi sambandsaðila.

Lögð fram greinargerð frá vinnuhópi ÍSÍ um skattamál íþróttahreyfingarinnar. Niðurstaða hópsins er að til að ná fram breytingum eða lagfæringum á þeim ramma, sem núna er unnið

eftir varðandi skattamál og stuðning við íþróttahreyfinguna á vegum hins opinbera, þá þurfi að fara í viðræður við þar til bæra aðila varðandi þau atriði sem nefnd eru í þessari greinargerð.

8. Ólympískir hnefaleikar

- 1) Rafrænt samþykki var fengið frá framkvæmdastjórn ÍSí með tölvupóstssendingum varðandi breytingar á keppnisreglum HNI. Tvö bréf komu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu varðandi þetta mál og bæði innihéldu samþykki ráðuneytisins á breytingum.
- 2) Lagt fram erindi Hnefaleikanefndar ÍSí þar sem óskað er eftir stofnun sérsambands um ólympíska hnefaleika. Heimild er til staðar um stofnun slíks sambands frá 71. Íþróttáþingi ÍSí 2013. Íþróttin uppfyllir öll skilyrði laga ÍSí um stofnun sérsambands.

Samþykkt að stofna sérsamband um ólympíska hnefaleika. Dagsetning stofnþings er ekki ekki fastsettur.

9. Pílukast

Kallað hefur verið eftir upplýsingum frá Alþjóðaólympíunefndinni um stöðu pílukastsíþróttarinnar. Íþróttin er ekki viðurkennd sem íþrótt af Alþjóðaólympíunefndinni. Mörg alþjóðasambönd eru til um pílukast og hefur það haft áhrif á þetta ferli alþjóðlega. Ákvörðunartöku frestað til næsta fundar.

10. Heiðranir

Á 229. fundi framkvæmastjórnar var samþykkt að heiðra fjóra einstaklinga með Heiðurskrossi ÍSí, þau Árna Þór Arnason, Sigmundur Þórisson, Elsu Jónsdóttur og Camillu Th. Hallgrímsson. Nú er ljóst að Árni Þór og Sigmundur Þórisson eru erlendis og komast ekki til þings. Finna verður annað tækifæri til að afhenda þeim viðurkenningarnar.

Samþykkt að heiðra á Íþróttáþinginu Albert H.N. Valdimarsson fyrrverandi formann BLÍ og TSÍ með Heiðurskrossi ÍSí og afhenda Dóru Gunnarsdóttur frá Fáskrúðsfirði, sem áður hafði verið samþykkt að heiðra með Heiðurskrossi ÍSí fyrir störf hennar í þágu FRÍ og UÍA, sína viðurkenningu en Dóra verður stödd í Reykjavík yfir þinghelgina.

Rafrænt samþykki fékkst einnig fyrir eftirfarandi heiðrunum á milli funda:

USÚ

Gullmerki ÍSí: Matthildur Ásmundardóttir fráfarandi formaður USÚ

Silfurmerki ÍSí: Sævar Þór Gylfason þjálfari og fyrrverandi formaður blakdeildar Sindra.

Gunnar Bragason afhenti merkin á ársþingi USÚ í Mánagarði 26. mars sl.

UÍA

Silfurmerki ÍSí:

Hafsteinn Jónasson, fyrrverandi formaður Hattar

Óttar Ármannsson, fyrrverandi formaður knattspyrnudeildar og frjálsíþróttadeildar Hattar.

Hafsteinn Pálsson afhenti merkin á ársþingi UÍA á Hallormsstað 11. apríl sl.

Af og til er leitað eftir meðmælum frá forseta ÍSí fyrir leiðtoga úr íþróttahreyfingunni vegna mögulegrar veitingu Fálkaorðu forseta Íslands.

Samþykkt að Heiðursráð ÍSí vinni drög að vinnureglum varðandi slíkar fyrirspurnir.

11. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 230. fundur framkvæmdastjórnar
- 6., 7. og 8. fundur framkvæmdaráðs ÍSí
- Afreks- og ólympíusviðs ÍSí frá 13. apríl 2015
- Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí frá 25. mars 2015
- Laganefndar frá 17. mars 2015

12. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

13. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSí

Kallað verður til fyrsta fundar nýrrar framkvæmdastjórnar ÍSí fljótlega eftir þing.

14. Önnur mál

Forseti þakkaði fundarmönnum fyrir samstarfið þetta kjörtímabil og óskaði öllum góðs gengis á þinginu. Hann þakkaði Jóni Gesti Viggóssyni og Friðriki Einarssyni sérstaklega fyrir þeirra góðu störf í framkvæmdastjórn ÍSí en þeir munu ekki gefa kost á sér til endurkjörs á þinginu.

Fleira verður ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.